

Eftirfarandi er umsögn bæjarráðs Hveragerðisbæjar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað), 495. mál.

Umsögn bæjarráðs er svohljóðandi:

*Bæjarráð vísar í fyrri bókanir sínar um málið og hvetur þingmenn til að veita frumvarpi dómsmálaráðherra til stuðnings smærri innlendum áfengisframleiðendum brautargengi.*

Til glöggvunar er rétt að það komi fram að áður hefur bæjarráð bókað eftirfarandi:

*Bæjaráð tekur undir áskorun Samtaka íslenskra handverksbrugghúsa og skorar á dómsmálaráðherra og alþingismenn að tryggja smáframleiðendum heimild til beinnar sölu frá brugghúsum. Bæjarráð leggur áherslu á að breytingarnar muni ekki leiða til þess að kaupendur undir lögaldri fái aukið aðgengi að áfengi enda yrði það einungis selt á stöðum þar sem sem fólk á löglegum áfengiskaupaaldri má koma saman.*

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Aldís

---

Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar